



Gjaldskrá fyrir framkvæmdaleyfis- og þjónustugjöld skipulagsfulltrúa í Strandabyggð

1.gr.

Meginreglur

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttá, breytinga á uppdráttum, auglýsingu og kynninga vegna málsins. Umhverfis- og skipulagsnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhugað á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið. Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 12.746 kr. eða gjald skv. reikningi.

2. gr.

Skilgreiningar

Afgreiðslugjald: gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um framkvæmdaleyfi og skipulagsbreytinga. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu og yfirferð erindisins.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingar auglýsinga og annarrar umsýslu.

Breytingarkostnaður: kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppdráttá.

3. gr.

Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga

Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr., viðmiðunargjald	310.359 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36 gr.	77.590 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36 gr.	66.505 kr.

4. gr.

Kostnaður vegna deiliskipulags

Nýtt deiliskipulag

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.	310.359 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr.	77.590 kr.

Verulegar breytingar á deiliskipulagi

Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr.	199.516 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr.	77.590 kr.

Óverulegar breytingar á deiliskipulagi

Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2 mgr. 43. gr.	133.011 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr.	77.590 kr.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

5. gr.

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis

Afgreiðslugjald	77.590 kr.
Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðmiðunargjald	144.095 kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald	77.590 kr.
Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi	27.711 kr.

6. gr.

Gjald dagi

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari falla í gjalddaga við afgreiðslu erindis nema um annað sé samið.

7. gr.

Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

8. gr.

Gjaldskrá þessi tekur breytingu samkvæmt byggingavísitölu 1. janúar ár hvert 142,10 jan.2019. Leyfisgjöld eru ekki endurkræf þó leyfi falli úr gildi.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar 11. desember 2018. Gildir frá 1.janúar 2019.